# Verkmenntaskólinn á Akureyri



Kennslu- og áfangamat vorönn 2020

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Anna María Jónsdóttir aðstoðarskólameistari tók saman

Maí 2020

# Áfanga- og kennslumat á vorönn 2020

Samkvæmt 40. og 41. gr. laga um framhaldsskóla frá árinu 2008 skal hver framhaldsskóli meta kennslu og gæði skólastarfsins með kerfisbundnum hætti. Mennta- og menningarmálaráðuneytið lætur síðan gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla á fimm ára fresti.

Verkmenntaskólinn á Akureyri gerir áfanga- og kennslumat á meðal nemenda skólans á hverri önn samkvæmt verklagi í gæðahandbók VMA (sjá VKL 402). Aðrar úttektir á námi og kennslu eru gerðar á hverri önn eins og lýst er í sjálfsmatsáætlun hvers skólaárs t.d. áfangaskýrslur, framvindumat og ýmsar samantektir á árangri nemenda. Annað hvert ár er gerð þjónustukönnun á meðal nemenda þar sem spurt er um ýmsa aðra þætti en kennslu og nám í einstaka áföngum. Niðurstöður þessara kannanna eru notaðar til að mæla gæðamarkmið skólans er lúta að kennslu áfanga og líðan nemenda.

Tilgangur áfanga- og kennslumats er að kanna hvernig til hafi tekist í áfanganum og í skólastarfinu með það að markmiði að bæta það sem betur má fara. Allir kennarar fá eigin niðurstöður birtar í gegnum Innu og eru niðurstöður hvers kennara ræddar í starfsmannaviðtali við skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Þá fer gæðaráð skólans yfir heildarniðurstöður hverrar annar.

Kennarar og stjórnendur hafa forgöngu um að nýta niðurstöður kannanna til að bæta faglegt starf innan skólans og tryggja þannig að nemendur fái þá kennslu sem lagt er upp með innihaldi áfanga og nýttar séu þær kennsluaðferðir sem best hæfa námi nemenda. Kennslukannanir eru gerðar á hverri önn og er 1/3 af áföngum skólans inni í hverri könnun. Því þarf samanlagt meðaltal 3ja anna til að fá meðaltal skólans.

Kennslumat á vorönn 2020 fór fram í febrúar og mars.  Nemendur í þeim áföngum sem voru í úrtaki voru spurðir út í kennara, kennslu og áfangann. Á vorönn 2020 voru áfangar og kennarar á eftirfarandi brautum/fögum í úrtakinu: samfélagsgreinar, listnámsbraut, byggingagreinar, stærðfræði, teiknigreinar og viðskiptagreinar. Könnunin var unnin í gegnum Innu og fengu nemendur tölvupóst frá aðstoðarskólameistara með upplýsingum um könnunina. Alls voru sendar út 1576 kannanir og fengust 574 svar eða 36% svörun.

Alls var spurt um 37 kennara og 74 áfanga. Hægt er að nálgast niðurstöður einstaka áfanga inni á kannanakerfi Innu sem aðstoðarskólameistari og skólameistari hafa aðgang að.

Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA var stefnt að því að 85% nemenda svari spurningunni: Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Í kennslukönnun í VMA á vorönn 2020 svara 93% nemenda spurningunni frekar sammála eða mjög sammála. Meðaltal þriggja anna: vorönn 2019 (92%), haustönn 2019 (95%) og vorönn 2020 (93%) er 93.3%. Þannig að gæðamarkmið VMA við þessari spurningu nást.

Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 85% nemenda svari spurningunni: Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Í kennslukönnun í VMA á vorönn 2020 svara 86% nemenda spurningunni frekar sammála eða mjög sammála. Meðaltal vorannar 2019 (92%), haustannar 2019 (87%) og vorannar 2020 (86%) við þessari spurningu er 88.3% þannig að gæðamarkmið VMA við þessari spurningu nást miðað við meðaltal síðustu þriggja anna.

Eftirtaldir kennarar voru í áfangamati á vorönn 2020: Anna María Guðmann, Arna Guðný Valsdóttir, Bjarni Bjarnason, Borghildur Ína Sölvadóttir, Bragi Sigurður Óskarsson, Elías Örn Óskarsson, Elín Björk Unnarsdóttir, Hallgrímur Stefán Ingólfsson, Haukur Jónsson, Hálfdán Örnólfsson, Helga Björg Jónasardóttir, Helgi Valur Harðarson, Hermann Jón Tómasson, Hilmar Friðjónsson, Hrafnhildur S Sigurgeirsdóttir, Hreiðar Eiríksson, Indriði Arnórsson, Inga Björg Ólafsdóttir, Ingimar Árnason, Íris Ragnarsdóttir, Jóhann Gunnar Jóhannsson, Jóhann Hjaltdal Þorsteinsson, Jón Þór Sigurðsson, Katrín Harðardóttir, Ketill Sigurðarson, Kristjana Pálsdóttir, Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir, Snorri Björnsson, Sólveig Þóra Jónsdóttir, Sunna Hlín Jóhannesdóttir, Sævar Páll Stefánsson, Urður María Sigurðardóttir, Valgerður Dögg Oddudóttir Jónsdóttir, Véronique Anne Germaine Legros, Þorsteinn Kruger, Þóra Björg Eiríksdóttir, Þröstur Ásmundsson

Eftirtaldir áfangar voru í áfangamati á vorönn 2020.

ÁHTÆ1MR04(AB), ÁÆST3VG05, BÓKF2FV05, FATA2SS05, FEMA3FM02, FÉLA2FA05, FÉLA3KJ05, FLS1036, GRUN1FF04, GRUN2ÚF04, GTL1036, HEIM2HK05, HIK1048, HÖTE2PH05, HÖTE2VE06, HÖTE3BT07, HÖTE3ST06, IÐNT3AC05, IÐNT3CN04, IÐNT3LF05, INNA2IK03, JABE2MR06, JBS106A, LIME3MU04, LISA1HN05, LISA3NÚ05, LÍFS1FN04, LOVE3SR05, LOVE3ÞR06, MARG1MV03, MELÆ1ML05, MÓTA3US03, MYNL2GR04, MYNL2HU05, MYNL2LJ05, MYNL2MA05, MYNL3LV05, MYNL3MÁ07, MYNL3TS10, NEK1048, SAGA1NM05, SAGA2MT05, SÁLF2SF05, SÁLF2SÞ05, SÁLF3FR05, SIÐF1SÁ05, SJÓN1LF05, SJÓN1TF05, STVI1MR03(AB), STÆF1AH05, STÆF1BP04, STÆF1JF05, STÆF2AM05, STÆF2LT05, STÆF2RH05, STÆF2TE05,

STÆF2VH05, STÆF3FD05, STÆF3HD05, STÆF3ÖT05, SVM1024, TEIK2MR04 , TEIV2GH05, TEIV3ÞT05, TPL1036, TRÉS2II10, TRÉS2NT04, TRÉS2PH10, TRÉS3SH03, UPPE2UK05, UPPE3MU05, VIÐB3VE03, VIÐS1VV05, VLMÚ1MR05(AB)

Heildarniðurstöður spurninga má sjá hér að neðan:

Kennarinn er vel undirbúin(n) þegar hann kemur í kennslustundir

1. Mjög sammála **70%** (421/599)
2. Frekar sammála **24%** (144/599)
3. Frekar ósammála **4%** (26/599)
4. Mjög ósammála **1%** (8/599)

Tölulegar upplýsingar
Fj. svara: 599 af 574
Svarhlutfall: 104% ⚠




Kennarinn hefur eflt leikni mína og hæfni í námsgreininni

1. Mjög sammála **55%** (326/596)
2. Frekar sammála **33%** (199/596)
3. Frekar ósammála **7%** (44/596)
4. Mjög ósammála **5%** (27/596)

Tölulegar upplýsingar
Fj. svara: 596 af 574
Svarhlutfall: 104% ⚠




Kennarinn heldur góðum vinnufriði í kennslustundum

1. Mjög sammála **59%** (355/598)
2. Frekar sammála **32%** (192/598)
3. Frekar ósammála **6%** (37/598)
4. Mjög ósammála **2%** (14/598)

Tölulegar upplýsingar
Fj. svara: 598 af 574
Svarhlutfall: 104% ⚠




Ég get leitað til kennarans t.d. ef ég skil ekki námsefnið

1. Mjög sammála **68%** (409/598)
2. Frekar sammála **22%** (129/598)
3. Frekar ósammála **6%** (37/598)
4. Mjög ósammála **4%** (23/598)

Tölulegar upplýsingar
Fj. svara: 598 af 574
Svarhlutfall: 104% ⚠




Kennarinn gerir námið áhugavert

1. Mjög sammála **47%** (281/596)
2. Frekar sammála **32%** (188/596)
3. Frekar ósammála **12%** (73/596)
4. Mjög ósammála **9%** (54/596)

Tölulegar upplýsingar
Fj. svara: 596 af 574
Svarhlutfall: 104% ⚠




Samskipti mín við kennarann hafa verið góð

1. Mjög sammála **66%** (392/598)
2. Frekar sammála **27%** (159/598)
3. Frekar ósammála **6%** (34/598)
4. Mjög ósammála **2%** (13/598)

Tölulegar upplýsingar
Fj. svara: 598 af 574
Svarhlutfall: 104% ⚠



Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi

1. Mjög sammála 63% (357/567)
2. Frekar sammála 34% (192/567)
3. Frekar ósammála 2% (12/567)
4. Mjög ósammála 1% (6/567)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 567 af 574

Svarhlutfall: 99%




---

Námsgögn (bækur, vefsíður, verkefnahefti o.f.l.) í áfanganum eru viðunandi

1. Mjög sammála 59% (333/564)
2. Frekar sammála 34% (190/564)
3. Frekar ósammála 5% (31/564)
4. Mjög ósammála 2% (10/564)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 564 af 574

Svarhlutfall: 98%




---

Kennarinn mismunar ekki nemendum

1. Mjög sammála 72% (426/595)
2. Frekar sammála 21% (123/595)
3. Frekar ósammála 4% (26/595)
4. Mjög ósammála 3% (20/595)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 595 af 574

Svarhlutfall: 104% ⚠




Á heildina litið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum

1. Mjög sammála 56% (337/598)
2. Frekar sammála 30% (179/598)
3. Frekar ósammála 10% (57/598)
4. Mjög ósammála 4% (25/598)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 598 af 574

Svarhlutfall: 104% ⚠




---

Kennarinn notar fjölbreyttar kennsluaðferðir

1. Mjög sammála 41% (245/597)
2. Frekar sammála 36% (212/597)
3. Frekar ósammála 16% (93/597)
4. Mjög ósammála 8% (47/597)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 597 af 574

Svarhlutfall: 104% ⚠




---

Ég stunda námið í áfanganum samviskusamlega (skila verkefnum á réttum tíma, er virk/virkur í hópastarfi, tek þátt í umræðum í tímum og fl.)

1. Mjög sammála 52% (293/568)
2. Frekar sammála 42% (236/568)
3. Frekar ósammála 6% (32/568)
4. Mjög ósammála 1% (7/568)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 568 af 574

Svarhlutfall: 99%

